

Sölvi R Sólbergsson
Orkubú Vestfjarða ohf.
Stakkanes 1
400 ÍSAFIRÐI

Reykjavík, 14. janúar 2019
Tilvísun: OS2018120076/50.4.3
Verknúmer: 1070000

Efni: Framlenging á leyfi Orkubús Vestfjarðar ohf. og Þórdísar Bjarnadóttur til rannsókna á vatnasviði Hafnardalsár á Langaströnd í Strandabyggð

Orkustofnun hefur mótttekið erindi Orkubús Vestfjarðar ohf., dags. 20. desember 2018, þar sem óskað er eftir framlengingu á leyfi til rannsókna á vatnasviði Hafnardalsár á Langadalsströnd í Strandabyggð, áður út gefnu af Orkustofnun, þann 15. ágúst 2015, til Dags Jónssonar [Þórdísar Bjarnadóttur] og Orkubús Vestfjarða ohf. Stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að nýta rennsli Hafnardalsár til raforkuframleiðslu. Leyfið gildi til 31. desember 2018. Sótt er um framlengingu til ársloka 2021.

Orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna m.a. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Fram kemur í erindi Orkubúsins að rennismælingar með síríta hafa staðið yfir í fimm ár, en aðrar rannsóknir hafa tafist þar sem deilur um vatnsréttindi séu óútkljáðar á vatnasviði árinna. Vonir standi til að þeirri þrætu ljúki á næsta ári. Þá standi vilji Orkubúsins til þess að halda áfram rannsóknum samkvæmt fyrri áætlun.

Í ljósi ofanritaðs fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefið rannsóknarleyfi dags. 15. ágúst 2015 verði framlengt til 31. desember 2021 og skal rannsóknum þá lokið.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011. Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kærnu til ráðherra, skv. ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Kristján Geirsson

Fylgiskjöl: Umsókn OV

Orkustofnun
B.t. Skúla Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

| ORKUSTOFNUN Skjalasafn | | | |
|---------------------------|-------------|-----------|-----|
| Dags. mott. | 28.12.2018 | Ábm. | 911 |
| Malsnúmer | 05201820076 | Aðrir | SEP |
| Skjalalykill | 5043 | --- | 112 |
| Verknúmer | | Trún. | 11 |
| Fskj./aths | | Afrit til | 11 |

Ísafjörður 20 des 2018.

Efni: Framlenging á rannsóknarleyfi vegna Hafnardalsár á Langaströnd Strandabyggð.

Hér með óskar Orkubú Vestfjarða ohf, kt. 660877-0299 og Þórdís Bjarnadóttir, kt. 031059-4351 landeigandi Hafnardals eftir framlengingu á áður útgefnu rannsóknaleyfi Orkustofnunar frá 12. ágúst 2015. Sótt er um framlengingu til ársloka 2021.

Staða rannsókna er að rennismælingar hafa staðið í fimm ár, þar sem rennsli er mælt með sírita. Forathugun og drög að fyrirkomulagi liggja fyrir að stærstum hluta. Ástæðan fyrir framlengingu rannsóknartíma eru óútkljáðar deilur um vatnsréttindi. Á meðan svo er, þá hefur Orkubú Vestfjarða lagt meiri áherslu á rannsóknir á örðum virkjunarkostum, en vill þó mjög gjarnan halda þessum rannsóknum áfram.

Vonir standa til að dómsmáli um sambærileg vatnsréttindi Orkubúsins á öðrum stað ljúki á næsta ári og niðurstaða í því máli gagnist til lausnar deilum um þessi 50 % af vatnsréttindum Orkubúsins í Hafnardalsánni.

Virðingarfyllt,



Sölvi R Sólbergsson

Framkvæmdarstjóri Orkusviðs.